

Félagsþjónusta sveitarfélaga 2007–2009

Municipal social services 2007–2009

Samantekt

Frá árinu 1987 hefur Hagstofa Íslands leitað upplýsinga árlega um félagslega heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Árið 2009 nutu 8.060 heimili félagslegrar heimaþjónustu og hafði þeim fjölgað um 196 (2,5%) frá árinu á undan og um 434 (5,7%) frá árinu 2007. Rúmlega þrjú af hverjum fjórum þessara heimila voru heimili aldraðra eða 6.160 (76,4%). Á þessum heimilum aldraðra bjó 7.691 einstaklingur og jafngildir það 20,3% þeirra landsmanna sem eru 65 ára og eldri. Í Reykjavík naut tæplega fjórðungur (24,2%) 65 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Meðalfjöldi vinnustunda á heimili árið 2009 voru 118 (tæplega 3 stundir á viku) og hafði meðalfjöldi vinnustunda fækkað um 7 frá árinu á undan.

Árið 2009 fengu 5.994 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 965 (16,1%) frá árinu áður og um 1.714 (40%) frá 2007. Fjölmennasti hópurinn árið 2009 sem fékk fjárhagsaðstoð var sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (42,2% heimila) og einstæðar konur með börn (29,3% heimila).

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2009 bjuggu 10.427 einstaklingar eða 3,3% þjóðarinnar, þar af voru 3.892 börn (17 ára og yngri) eða 4,8% barna á þeim aldri. Árið 2007 bjuggu 7.997 einstaklingar eða 2,6% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.284 börn eða 4,1% barna.

Grunnur upplýsinga

Félagsþjónusta sveitarfélaga

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga að „tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpár“. Með félagsþjónustu samkvæmt lögunum er átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við fatlaða og fleira.

Upplýsingaöflun

Allt frá árinu 1987 hefur Hagstofan leitað upplýsinga árlega um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frá árinu 1998 hefur verið leitað til sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa þar sem um eða yfir 98% íbúa landsins búa. Allt tímabilið hefur verið leitað upplýsinga bæði um félagslega heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð.

Félagsleg heimaþjónusta

Skilgreining félagslegrar heimaþjónustu

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við aðstoð til handa þeim sem búa í heima-húsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.



Lög um félagslega
heimaþjónustu

Árið 1952 voru sett lög um heimilishjálp í viðlögum og voru þau í gildi allt fram til ársins 1991. Á þessum tíma var sveitarfélögum ekki skylt að veita heimilishjálp heldur var þeim heimilt að starfrækja slíka þjónustu. Hlutverk hennar var að veita hjálparinnar væri þörf um stundarsakir. Með þessum lögum var lagður grunnur að félagslegri heimaþjónustu þó að ýmsar breytingar hafi orðið á henni síðan, einkum þó er hún varð lögbundin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991). Reyndar var öldruðum tryggð heimilishjálp í lögum frá 1971 og hafa aldraðir löngum verið stærsti hópur þeirra sem njóta félagslegrar heimaþjónustu. Ríkissjóður greiddi sveitarfélögum lengi vel þriðjung kostnaðar vegna heimilishjálpar við aldræða.

Heimili sem nutu
heimaþjónustu

Árið 2009 nutu 8.060 heimili félagslegrar heimaþjónustu og hafði heimilum fjölgað um 196 (2,5%) frá árinu á undan. Frá árinu 2007 hafði þeim fjölgað um 434 (5,7%). Rúmlega þriðjung af hverjum fjórum þessara heimila voru heimili aldraðra eða 6.160 (76,4%).

Tafla 1. Félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga eftir tegundum heimila 2007–2009

Table 1. Households receiving municipal home-help service 2007–2009

Fjöldi Number	Höfuðborgarsvæði Capital region				Önnur sveitarfélög ¹ Other municipalities ¹
	Alls Total	Alls Total	Reykja- vík	Önnur Other	
2007					
Heimili alls <i>Households, total</i>	7.626	5.000	3.710	1.290	2.626
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	5.833	3.787	2.778	1.009	2.046
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.253	744	558	186	509
Önnur heimili <i>Other households</i>	540	469	374	95	71
2008					
Heimili alls <i>Households, total</i>	7.864	5.119	3.780	1.339	2.745
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.013	3.882	2.820	1.062	2.131
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.419	896	666	230	523
Önnur heimili <i>Other households</i>	432	341	294	47	91
2009					
Heimili alls <i>Households, total</i>	8.060	5.257	3.789	1.468	2.803
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.160	4.014	2.870	1.144	2.146
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.517	959	694	265	558
Önnur heimili <i>Other households</i>	383	284	225	59	99

¹ 250 íbúar eða fleiri. 250 inhabitants or more.

Árið 2009 voru 5.257 (65,6%) þessara heimila á höfuðborgarsvæðinu, þar af 3.789 (48,6%) í Reykjavík. Árið 2007 voru heimili á höfuðborgarsvæðinu sem nutu heimaþjónustu 5.000 (65,6%) og þá voru heimilin í Reykjavík 3.710 (48,6%). Þannig fjölgar heimilum á höfuðborgarsvæðinu sem njóta heimaþjónustu um 257 eða 5,1% milli árána 2007 og 2009. Á sama tímabili fjölgar heimilum í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins sem njóta heimaþjónustu um 177 eða 6,7%.

Fjöldi íbúa á heimilum sem njóta heimaþjónustu

Árið 2009 bjuggu 11.106 einstaklingar á heimilum sem nutu félagslegarar heimaþjónustu. Þeim fjölgaði um 239 (2,2%) milli árunna 2007 og 2008, en um 105 (1,0%) milli árunna 2008 og 2009.

Árið 2009 bjuggu 7.691 aldraðir eða 20,3% landsmanna 65 ára og eldri á heimilum sem nutu félagslegarar heimaþjónustu. Árið 2007 átti það við 7.451 eða 20,6% 65 ára og eldri. Á þessu tímabili naut tæplega fjórðungur (24,2%) 65 ára og eldri í Reykjavík félagslegrar heimaþjónustu.

Tafla 2. Fjöldi vinnustunda¹ við heimaþjónusta sveitarfélaga eftir tegund heimila 2007–2009

Table 2. Number of hours¹ of service given to households receiving municipal home-help service 2007–2009

	Fjöldi heimila Number of households	Fjöldi heimilis- manna Number of inhabitants in households	Hlutfall 65 ára og eldri Percent of 65 years and over	Meðalfjöldi vinnustunda á heimili á ári Average hours worked per household
2007				
Heimili alls <i>Households, total</i>	7.626	10.762	•	127
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	5.833	7.451	20,6	124
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.253	2.081	•	137
Önnur heimili <i>Other households</i>	540	1.230	•	143
2008				
Heimili alls <i>Households, total</i>	7.864	11.001	•	125
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.019	7.582	20,5	120
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.413	2.355	•	136
Önnur heimili <i>Other households</i>	432	1.064	•	150
2009				
Heimili alls <i>Households, total</i>	8.060	11.106	•	118
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.160	7.691	20,3	116
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.517	2.469	•	128
Önnur heimili <i>Other households</i>	383	946	•	111

¹ Fjöldi heimila og vinnustunda allt árið. *Number of households and hours worked the whole year.*

Vinnustundum við heimaþjónustu fækkar

Meðalfjöldi vinnustunda við heimaþjónustu á heimili árið 2008 var 125 (2,7 stundir á viku) og hafði vinnustundum fækkað um 2 frá árinu 2007. Á milli árunna 2008 og 2009 fækkaði þeim enn frekar eða um 7 í 118 stundir (2,6 stundir á viku). Á heimilum aldraðra var meðalfjöldi vinnustunda 124 árið 2007 en 116 árið 2009.

Fjárhagsaðstoð

Lög um fjárhagsaðstoð

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) tóku gildi í mars 1991. Samhliða féllu úr gildi framfærslulög frá 1947. Í framfærslulögunum var fjallað um framfærslustyrki sveitarfélaga, en hugtakið fjárhagsaðstoð kom með tímanum í stað hugtaksins framfærslustyrkur. Fjárhagsaðstoð er samkvæmt lögunum síðasta úr-

ræðið, lægsta öryggisnetið og beinist að þeim sem ekki geta séð fyrir sér og sínum (litið er á hjón/sambúðarfólk og börn yngri en 18 ára sem eina einingu) af eigin launatekjum, lífeyri eða bótum.

Leiðbeinandi reglur félags- og tryggingamálaráðuneytis

Félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga er skylt að setja reglur um veitingu fjárhagsaðstoðar. Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur gefið út leiðbeinandi reglur þar um og um grunnfjárhæð samkvæmt 21. gr. laga nr. 40/1991. Um er að ræða tvenns konar reglur: A) *Framfærsla barna talin með* og B) *Framfærsla barna ekki talin með*. Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð er grunnfjárhæð lögð til grundvallar og frá henni dregnar heildartekjur umsækjanda og maka ef við á.

Í leið A teljast til heildartekna allar tekjur og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins nema greiðslur með börnum, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, atvinnuleysisbætur, fæðingarorlofsgreiðslur, meðlög, barnabætur, mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.s.frv. og koma til frádráttar. Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnaðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Í leið B teljast til tekna allar sömu tekjur og í A en meðlög, barnabætur og mæðra-/feðralaun eru undanþegin. Greiðslur vegna barna teljast ekki til tekna enda ekki reiknað með framfærslukostnaði vegna þeirra við mat á fjárþörf í leið B öfugt við leið A.

Í desember 2009 miðast fjárhagsaðstoð til einstaklings 18 ára og eldri að lágmarki við 125.540 kr. á mánuði,¹ bæði í leið A og B. *Grunnfjárhæðin* hækkar miðað við fjölskyldustærð² eftir því sem hér segir:

Fjölskylda/heimili	Grunnfjárhæð	Leið A		Leið B	
		Margf.- stuðull	Fjárhæð	Margf.- stuðull	Fjárhæð
Einstaklingur	125.540 kr.	1	125.540 kr.	1	125.540 kr.
Hjón/sambúðarfólk	"	•	•	1,6	200.864 kr.
Tveggja manna fjölskylda	"	1,6	200.864 kr.	•	•
Þriggja manna fjölskylda	"	1,8	225.972 kr.	•	•
Fjögurra manna fjölskylda	"	2	251.080 kr.	•	•
Fimm manna fjölskylda	"	2,2	276.188 kr.	•	•

Reglur sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð

Samkvæmt athugun í desember 2009 hafa 48 af 60 sveitarfélögum með 250 eða fleiri íbúa (80%) sett sér reglur um fjárhagsaðstoð sem byggjast annað hvort á viðmiði A eða B. Í þeim sveitarfélögum búa rúm 96% íbúa sveitarfélaga af þessari stærð.

¹ Fjárhæðin var miðuð við eftirtalda bótaflokka almannatrygginga í janúar 2005: Örorkulífeyrir, tekjutrygging örorkulífeyrisþega og óskert heimilisuppbót, samtals 84.245 kr. Er sú fjárhæð uppfærð miðað við vísitölu neysliverðs, síðast vísitöluna í desember 2009.

² Þeir sem teljast til fjölskyldu í reglum þessum eru: Umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili og í leið A einnig börn á framfæri sem eiga lögheimili á sama stað og umsækjandi.

Tafla 3. Reglur um fjárhagsaðstoð eftir sveitarfélögum 2009Table 3. *Municipal regulations on income support 2009*

	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur sveitar- félög <i>Other municipalities</i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Önnur <i>Other</i>	
Alls <i>Total</i>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	60	7	1	6	53
Fjöldi sveitarfélaga, % <i>Number of municipalities, %</i>	100,0	11,7	1,7	10,0	88,3
Íbúafjöldi <i>Population</i>	315.392	200.657	118.427	82.230	114.735
Íbúafjöldi, % <i>Population, %</i>	100,0	63,6	37,5	26,1	36,4
Leið A <i>Rule A</i>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	11	2	•	2	9
Fjöldi sveitarfélaga, % <i>Number of municipalities, %</i>	18,3	28,6	•	33,3	17,0
Íbúafjöldi <i>Population</i>	29.886	13.111	•	13.111	16.775
Íbúafjöldi, % <i>Population, %</i>	9,5	6,5	•	15,9	14,6
Leið B <i>Rule B</i>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	37	5	1	4	32
Fjöldi sveitarfélaga, % <i>Number of municipalities, %</i>	61,7	71,4	100,0	66,7	60,4
Íbúafjöldi <i>Population</i>	274.311	187.546	118.427	69.119	86.765
Íbúafjöldi, % <i>Population, %</i>	87,0	93,5	100,0	84,1	75,6
Annað <i>Other</i>					
Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of municipalities</i>	12	•	•	•	12
Fjöldi sveitarfélaga, % <i>Number of municipalities, %</i>	20,0	•	•	•	22,6
Íbúafjöldi <i>Population</i>	11.195	•	•	•	11.195
Íbúafjöldi, % <i>Population, %</i>	3,5	•	•	•	9,8

Mikill meirihluti þessara sveitarfélaga er með reglur sem byggjast á viðmiðum leiðar B, þ.e. framfærsla barna er ekki talin með við útreikning fjárhagsaðstoðar og greiðslur vegna barna skerða ekki fjárhagsaðstoð. Þetta á við um 37 sveitarfélög eða tæp 62% þeirra, þar sem búa 87% íbúa landsins. Í þeim 12 sveitarfélögum sem ekki hafa sett sér reglur eða notast við önnur viðmið búa aðeins 3,5% íbúa.


*Fjölgun viðtakenda
fjárhagsaðstoðar*

Árið 2009 fengu 5.994 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 965 (16,1%) frá árinu áður. Árið 2008 hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 749 (17,5%) frá árinu áður. Árið 2003 þáðu 6.312 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en til ársins 2007 fækkaði þeim jafnt og þétt eða sem nam 32% á öllu tímabilinu. Breyting í fjölda fjárhagsaðstoðarþega helst í hendur við hagsveiflur eins og glögglega kemur fram á mynd 1 hér á eftir, en hún sýnir fjölda fjárhagsaðstoðarþega og árlegt hlutfall atvinnuleysis árin 1991 til 2009.

Frá árinu 2007 til 2009 aukast útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar um rúmar 940 milljónir eða um tæplega 70%, en á föstu verðalagi vaxa þau um tæp 35%. Meðal mánaðargreiðslur fjárhagsaðstoðar aukast á sama tíma um 14 þúsund krónur eða 18,1%, en á föstu verðlagi lækka þær um rúm 6%. Mánaðarfjöldi sem fjárhagsaðstoð er greidd er nálægt fjórir mánuðir að meðaltali öll árin.

Mynd 1. Hlutfall atvinnulausra og fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar 1991–2010

Figure 1. Unemployment rates and number of recipients of income support 2001–2006



Aldur og fjölskyldugerð

Fjölmennasti hópurinn árið 2009 sem þáði fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (42,2% heimila) og einstæðar konur með börn (29,3% heimila). Árið 2007 tók fyrr nefndi hópurinn til 37,3% heimila en sá síðar nefndi til 35,6%.

Aldurssamsetning móttakenda breytist lítið á tímabilinu, þó eykst fjöldi viðtakenda 24 ára og yngri um tæp 56% á sama tíma og heildarfjöldi viðtakenda eykst um 40%.

Íbúar á heimilum sem njóta fjárhagsaðstoðar

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2009 bjuggu 10.427 einstaklingar eða 3,3% þjóðarinnar, þar af voru 3.893 börn (17 ára og yngri) eða 4,8% barna á þeim aldri. Árið 2007 bjuggu 7.997 einstaklingar eða 2,6% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.284 börn eða 4,1% barna.

Breytingar á atvinnustöðu fjárhagsaðstoðarþega

Árið 2009 verða töluverðar breytingar á stöðu þiggjenda fjárhagsaðstoðar á vinnu- markaði miðað við árin 2007 og 2008. Árið 2009 voru rúmlega 40% þiggjenda fjárhagsaðstoðar atvinnulausir, en hið sama átti við fjórðung þeirra 2008 og tæplega fjórðung árið 2007. Árið 2009 voru tæplega 59% hinna atvinnulausu án bóta- réttar, en það átti við um 70% þeirra árin á undan. Starfandi fólki fækkaði meðal fjárhagsaðstoðarþega árið 2009, en fjöldi lífeyrisþega og nema stendur nokkuð í stað. Sama gildir um sjúklinga.

Tafla 4. Atvinnustaða viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga 2007–2009
Table 4. Employment status of recipients of municipal income support 2007–2009

	2007		2008		2009	
	Fjöldi <i>Number</i>	%	Fjöldi <i>Number</i>	%	Fjöldi <i>Number</i>	%
Alls þekkt <i>Total known</i>	4.265	100,0	4.929	100,0	5.744	100,0
Í starfi <i>Employed</i>	897	21,0	1.184	24,0	680	11,8
þar af í fullu starfi <i>thereof full-time</i>	700	16,4	975	19,8	485	8,4
þar af í hlutastarfi <i>thereof part-time</i>	197	4,6	209	4,2	195	3,4
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	1.012	23,7	1.272	25,8	2.323	40,4
þar af með bótarétt <i>thereof insured</i>	276	6,5	401	8,1	959	16,7
þar af án bótaréttar <i>thereof non-insured</i>	736	17,3	871	17,7	1.364	23,7
Lífeyrisþegar <i>Pensioners</i>	771	18,1	904	18,3	1.126	19,6
Sjúklingar <i>Patients</i>	901	21,1	1.002	20,3	1.003	17,5
Heimavinnandi <i>Housewives</i>	22	0,5	20	0,4	41	0,7
Nemar <i>Students</i>	523	12,3	400	8,1	523	9,1
Annað <i>Other</i>	139	3,3	147	3,0	48	0,8
Upplýsingar vantar <i>Unknown</i>	15	•	100	•	250	•
Alls <i>Total</i>	4.280	•	5.029	•	5.994	•

English summary

In the year 2009, 8,060 households received municipal home-help service, an increase by 196 (2.5%) from the previous year and by 434 (5.7%) from the year 2007. Nearly three of every four of these households were households of the elderly or 6,160 (76.4%). A total of 7,691 individuals or 20.3% of inhabitants 65 years or older were living in these homes. In the municipality of Reykjavík, 24.2% of that age group received home-help service. The average number of hours worked per household receiving municipal home-help service in the year 2009 was 118 (nearly 3 per week) and had the average number decreased by 7 hours from the year before.

A total of 5,994 households received municipal income support in 2009, an increase by 965 (16.1%) from the year before and by 1,714 (40%) from the year 2007. Households of single men without children (42.2%) and households of single women with children (29.3%) were as before the biggest groups receiving income support.

In households receiving income support in the year 2009 there were 10,427 individuals or 3.3% of inhabitants in the country, thereof were 3,892 children (17 years of age or younger) or 4.8% of all children in the country. In the year 2007 there were 7,997 individuals, 2.6% of inhabitants in the country, who lived in households receiving income support, thereof 3,284 children or 4.1% of all children in Iceland.

Tafla 5. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og meðalgreiðslur 2007–2009Table 5. *Recipients of municipal income support 2007–2009*

	Fjöldi heimila <i>Number of homes</i>	Þar af nýrri viðtakendur ¹ <i>Thereof new recipients¹</i>	Útgjöld, þús. kr. <i>Income support expenditure, thousand ISK</i>	Meðalfjárhæð á mánuði, kr. <i>Average monthly income support per home, ISK</i>	Meðalfjöldi mánaða greitt <i>Average number of months paid</i>
2007					
Alls Total	4.280	1.943	1.347.272	77.492	4,1
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3.120	1.319	1.126.305	85.178	4,2
Reykjavík	2.509	1.014	958.742	87.143	4,4
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	611	305	167.563	75.445	3,6
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa eða fleiri <i>Other municipalities with 250 or more inhabitants</i>	1.160	624	220.967	52.295	3,6
2008					
Alls Total	5.029	2.677	1.685.399	86.490	3,9
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3.651	1.883	1.426.354	96.565	4,0
Reykjavík	2.801	1.367	1.021.763	90.470	4,0
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	850	516	404.591	116.362	4,1
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa eða fleiri <i>Other municipalities with 250 or more inhabitants</i>	1.378	794	259.045	54.540	3,5
2009					
Alls Total	5.994	3.211	2.287.851	91.540	4,2
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	4.399	2.293	1.935.722	121.740	4,6
Reykjavík	3.309	1.719	1.548.146	101.226	4,6
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.090	574	387.576	88.528	4,0
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa eða fleiri <i>Other municipalities with 250 or more inhabitants</i>	1.595	918	352.129	61.923	3,1

¹ Fengu ekki greitt á fyrra ári. *Did not receive support the year before.*

Tafla 6. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð og aldri 2007–2009
Table 6. Families receiving social assistance from municipalities by type of family and age 2007–2009

Hlutfallsleg skipting <i>Percentage breakdown</i>							Fjöldi fjölskyldna/ heimila
	Alls <i>Total</i>	24 ára og yngri <i>years or younger</i>	25–39 ára <i>years</i>	40–54 ára <i>years</i>	55–64 ára <i>years</i>	65 ára og eldri <i>years or older</i>	<i>Number of families/ households</i>
2007							
Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i>	100,0	26,3	42,4	22,4	5,8	3,1	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	2,0	0,2	0,8	0,8	0,2	0,0	(85)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	37,3	10,0	15,0	8,2	2,8	1,4	(1.598)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	35,6	8,6	19,0	7,6	0,4	0,0	(1.525)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	15,7	6,4	3,7	3,0	1,5	1,2	(674)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	7,0	0,7	3,3	2,5	0,4	0,1	(298)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,3	0,3	0,6	0,4	0,5	0,4	(100)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(1.126)	(1.815)	(957)	(248)	(134)	(4.280)
2008							
Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i>	100,0	26,8	42,0	22,4	5,5	3,3	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	2,4	0,2	0,9	1,1	0,2	0,0	(119)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	39,0	10,7	15,6	8,5	2,7	1,5	(1.963)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	32,8	7,6	17,6	7,2	0,4	0,0	(1.650)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	17,0	7,1	4,2	3,1	1,4	1,3	(856)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	6,5	0,9	3,3	1,9	0,4	0,0	(327)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,3	0,3	0,5	0,6	0,4	0,5	(114)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(1.349)	(2.112)	(1.124)	(279)	(165)	(5.029)
2009							
Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i>	100,0	29,3	41,6	21,4	5,6	2,2	•
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	2,4	0,2	1,1	0,9	0,2	0,0	(145)
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	42,2	12,9	16,5	9,2	2,8	0,9	(2.532)
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	29,3	7,2	15,8	6,0	0,3	0,0	(1.755)
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	17,3	7,7	4,2	2,9	1,5	1,0	(1.036)
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	6,7	1,0	3,4	2,0	0,3	0,0	(401)
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,1	0,3	0,6	0,5	0,5	0,3	(125)
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(1.755)	(2.491)	(1.281)	(337)	(130)	(5.994)

Tafla 7. Íbúar á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar eftir aldri og sveitarfélögum 2007–2009
 Table 7. *Members of municipal income support households by age and region 2007–2009*

	Alls <i>Total</i>	17 ára og yngri <i>years or younger</i>	18–24 ára <i>years</i>	25–39 ára <i>years</i>	40–54 ára <i>years</i>	55–64 ára <i>years</i>	65 ára og eldri <i>years or older</i>
Fjöldi íbúa <i>Number of inhabitants</i>							
2007							
Alls <i>Total</i>	7.997	3.284	1.173	1.990	1.105	289	156
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	5.476	2.131	865	1.429	748	191	112
Reykjavík	4.428	1.735	677	1.165	605	155	91
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	1.048	396	188	264	143	36	21
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa <i>Other municipalities with 250 inhabitants</i>	2.521	1.153	308	561	357	98	44
2008							
Alls <i>Total</i>	9.097	3.587	1.412	2.309	1.279	322	188
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	6.140	2.233	1.028	1.640	866	243	130
Reykjavík	4.619	1.645	731	1.285	655	197	106
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	1.521	588	297	355	211	46	24
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa <i>Other municipalities with 250 inhabitants</i>	2.957	1.354	384	669	413	79	58
2009							
Alls <i>Total</i>	10.427	3.892	1.825	2.725	1.452	389	144
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7.104	2.412	1.318	1.988	1.013	263	110
Reykjavík	5.180	1.669	928	1.491	788	209	95
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	1.924	743	390	497	225	54	15
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa <i>Other municipalities with 250 inhabitants</i>	3.323	1.480	507	737	439	126	34
Hlutfall aldurshópa <i>Percentage of age groups</i>							
2007							
Alls <i>Total</i>	2,6	4,1	3,7	2,9	1,7	0,9	0,4
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	2,8	4,4	4,4	3,2	1,8	1,0	0,5
Reykjavík	3,8	6,3	5,7	4,1	2,5	1,3	0,6
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	1,3	1,9	2,5	1,6	0,9	0,5	0,3
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa <i>Other municipalities with 250 inhabitants</i>	2,2	3,8	2,6	2,5	1,5	0,9	0,3
2008							
Alls <i>Total</i>	2,8	4,5	4,3	3,3	1,9	1,0	0,5
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	3,0	4,5	5,0	3,5	2,1	1,2	0,6
Reykjavík	3,9	6,0	5,9	4,4	2,7	1,6	0,7
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	1,9	2,7	3,6	2,0	1,2	0,6	0,3
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa <i>Other municipalities with 250 inhabitants</i>	2,5	4,4	3,1	2,9	1,7	0,7	0,4
2009							
Alls <i>Total</i>	3,3	4,8	5,6	4,0	2,2	1,2	0,4
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	3,5	4,9	6,5	4,3	2,5	1,3	0,5
Reykjavík	4,4	6,1	7,6	5,3	3,3	1,7	0,7
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	2,3	3,3	4,8	2,8	1,3	0,6	0,2
Önnur sveitarfélög með 250 íbúa <i>Other municipalities with 250 inhabitants</i>	2,9	4,9	4,2	3,3	1,9	1,0	0,2

Hagtiðindi **Heilbrigðis-, félags- og dómsmál**
Statistical Series ***Health, social affairs, justice***

95. árg. • 36. tbl. 2010:1

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4681 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series